

Alþingi
Erindi nr. P 140/2335
komudagur 8.5.2012

Athugasemdir varðandi tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða

Lárus Vilhjálmsson [larus@gaflaraleikhusid.is]

Sent: 8. maí 2012 10:43

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ágætu nefndarmenn atvinnuveganefndar

Ég geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðin við Sveifluháls og Sandfell (hluti af Krísuvíkursvæðinu) í Reykjanesfólkvangi séu settar í nýtingarflokk í tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun) og vill að þau séu sett í verndarflokk eða biðflokk. Rannsóknir á svæðunum eru afar skammt á veg komnar og ekki hefur verið sýnt fram orkugetu þeirra. Eins hafa ekki verið rannsakaðir nýtingarmöguleikar svæðanna til útivistar eða nýtingar ferðaþjónustu. Hugmyndir hafa verið uppi um að þessi svæði yrðu hluti af eldfjallaþjóðgarði sem yrði einstakur á heimsvísu. Það hlýtur að vera réttlætismál að nýting ferðaþjónustu á þessum svæðum vegi jafnmikið og nýting orkufyrirtækja. Það má benda á að yfir 120 þúsund ferðamenn fóru um svæðið síðasta sumar.

Þessi svæði eru einnig eitt af fáum ósnortnum svæðum í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem minna á hálendi Íslands og nýtur vaxandi vinsælda sem útivistar og göngusvæði fyrir almenning. Það er eitthvað rangt við það að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar ósnert náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli eru mikil verðmæti. Bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt fyrir fjölskyldur að fjárfesta í dýrum ökutækjum og ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Eldvörp við Grindavík ættu skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Vísindamenn hafa bent á að orkuvinnsla þar myndi koma úr sömu uppsprettu og orkuvinnslusvæðið við Svartsengi, auka á rányrkju á öllu svæðinu og stytta líftíma beggja háhitasvæðana verulega. Semsagt algerlega ósjálfbær orkuvinnsla. Þar hafa heldur ekki farið fram athuganir á því hvort að nýting ferðaþjónustu á svæðinu myndi vera fýsilegri en orkuvinnsla. Það má benda á að um svæðið liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Gígaröðin sjálf er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærileg við Lakagíga.

Það má að lokum benda á að fyrirhugaðar framkvæmdir á þessum svæðum eiga eftir að mæta mikilli andstöðu almennings og kljúfa samfélagin í næsta nágrenni líkt og gerðist við fyrirhugaða stækkun álversins í Hafnarfirði. Það er því ljóst að sú sátt sem stefnt er að með rammaáætlun er fyrir bí ef það er ætlun þingmanna að henda Reykjanesskaga í ruslflokk.

Með bestu kveðju

Lárus Vilhjálmsson kt. 150261-2449

formaður Ferðamálasamtaka Hafnarfjarðar og stjórnarmaður í Framtíðarlandinu,